

aðgerðir alþingis hins síðasta, en bæði *hryggir* og *reidir* út af aðgerðum *innlendrar* og *útlendrar* stjórnar. Nú eru menn þó loks komnir að þeirri niðurstöðu, að þau hálsbrot, er ýms nauðsynleg nýmæli hafa orðið að sæta hjá stjórninni, muni vera af völdum ýmsra *innlendra* aftrhaldsdrauga. Ég held að hér (og í Reyðarfirði) sé töluverð hreyfing í þá átt að flytja hópum saman vestr um haf, ef stjórnin eigi bætir ráð sitt ið bráðasta. Það er eina ráðið sem tiltækilegt er til að losast undan oki embættishlassanna og innar hrynjandi þjóðkyrkju. Eða hvernig getr nokkur þjóðflokkur með rænu og tilfinningu látið bjóða sér annað eins og meðferðina á bankamálinu og frikyrkjumálinu, kosningarlögum presta o. s. frv. og yfir höfuð flest allt athæfi þings og stjórnar gagnvart hagsmunum alþýðu, sem hungruð og þrælkuð sveitist blóðinu til að geta goldið sinn síðasta pening í ina botnlausu hálauna-kistu?"

B Æ K R.

Dönsk lestrarbók með stuttu málfræðiságrípi og orðasafni eftir *Steingrím Thorsteins-son*. Önnur útgáfa aukin og endrbætt. Rvík. Á forlag Kristjáns Ó. Þorgrímssonar. 1884. XXIV + 264 bls. 8vo.

In fyrri útgáfa þessarar bókar kom út 1880 (2000) og seldist á tæpum 4 árum; sést af því, að alþýða hefir mjög sózt eftir henni og notað hana. Auk hennar hafa á sama tímabili verið á boðstólum tvær aðrar kenslubækur í dönsku, er báðar eru að vísu nýtilegar, hvor á sinn hátt, 40 tímar í dönsku eftir Þorstein Egilsson og lesbók Sveinbjarnar Hallgrímssonar endrbætt. In fyrnefnda er löguð eftir kensluhætti Ollendorffs, og kennir því einkum að koma saman léttum setningum með því móti að snúa íslenzku á dönsku. Hún væri því hentug til að læra af henni að tala málið ef hún væri nokkurum mun stærri, og einkum ef stafsetningin á henni eigi væri úrelt, svo að miklu torveldara veitir fyrir þá sök, að kenna eftir henni réttan framburð, og það því fremr sem alla leiðbeiningu um framburð vantar í hana, enn slíks er brýn þörf fyrir þá, er læra tilsagnarlaus. In síðarnefnda (lesbók Sv. Hallgrímss.) er betr úr garði ger að stafsetningu, og all-liprt málfræðiságríp fylgir henni, enn sú bók er enn eigi komin út öll, og í meira hlut hennar er fylgt þeirri aðferð, að íslenzk þýðing er höfð jafnhliða dönskunni, og það álitum vér óhentugt, einkum ef nemandi nýtr tilsagnar.

Lestarbók Steingríms ber í mörgum greinum af báðum þessum bókum. Þessi in síðari útgáfa hennar er og í ýmsu fullkomnari enn in fyrri. Framan við hana er all-langt málfræðiságríp, mjög ljóslega samið; er þar við bætt inum helztu framburðarreglum og ýmsu fleiru. Lesbókin sjálf er og aukin að ýmsum fræðandi leskõflum, sögum og kvæðum. Orðsafnið aftan við bókina er eigi að eins aukið að því, er inum viðbættu leskõflum nemr, heldr er og bætt inn í það orðum, er vantaði í ina fyrri útgáfu. Álitum vér rétt að því farið, að hafa leskaflana á dönsku

einni saman, enn orðsafn til að leita í; verða orðin þannig minnistæðari nemanda, enn þá er þýðing er höfð jafnhliða. Stafsetning á bók þessari er sú in sama, sem fylgt er í orðbók Sv. Grundtvigs, og sem kenslustjórnin í Danmörku hefir mælt með. Eru þar hafðar sérstakar táknanir til að sýna in mismunandi hljóð raddstafanna; skulum vér sérstaklega geta þess, að gerðr er munr á *ö* og *ø*, þar sem *ö* er framborið sem íslenzkt *ö* og *ø* sem íslenzkt *u*. Framburðrinn verðr því miklu auðlærðari, þá er fylgt er þessari stafsetningu.

Að prentun og pappír er bók þessi prýðilega úr garði ger, enda er hún prentuð hjá Sigmundi Guðmundssyni. Hún kostar í bandi 2 kr. 50 au., og má það kallast gott verð, þar sem bók-in er 18 arkir að stærð.

Ný ey við Reykjanes. „Ísafold“ getr þess eftir bréfi frá herra Jóni Gunnlaugssyni vitaverði á Reykjanesi, að nýlega hañ skotið upp ey úr sjó undan Reykjanesi. Þetta hefir borið við fyrri. Fyrir 100 árum eða vorið 1783 þá er eldgosíð mikla kom upp í Varmárdal í Skaptár-öræfum, kom einnig upp eldr í sjó við Reykjanes og skaut þá upp eyju all-stórri, er Danakonungr skírði Nýey, og hugði sér til hreyfings, að kasta á hana eign sinni. En ey þessi sökk aftr um sumarið. Við Reykjanes hefir oft gosíð, og víst hafa nú í sumar verið eldsumbrot þar; hefir jarðskjálfti sá, er hér varð vart snemma í þessum mánuði, ef til vill staðið í sambandi við uppkomu eyjarinnar. Væri fróðlegt að sjá og skoða ey þessa, og ekki er víst, að þess verði kostr að skoða hana nema einu sinni. Því hefir oss komið til hugar, að vekja máls á því, hvort ekki væri vert að gera út vísindalegan leiðangr til eyjarinnar og kveðja til fararinnar frægustu vísindamenn í höfuðborginni. Til þess að vera foringi fararinnar ætlum vér inn sprenglærða landafræðing herra Halldór K. Friðriksson sjálfkjörinn, og gæti hann jafnframt og hann rannsakaði allt eðli eyjarinnar athugað, hvort ekki mundi tiltækilegt, að rækta eyjuna með góðum áburði, að minsta kosti svo, að nægileg beit yrði fyrir nokkurar rollur. Þó væri æskilegast, ef Halldór K. vildi manna sig upp og flytja eyjarskömm-inu sunnan frá Reykjanesi og vestr á Svið, svo hún gæti orðið þar athvarf og hæli sjómanna þegar á þyrfti að halda. Það væri sannarlega ekki meira en þegar kempan „rambaði bérna um árið með furstadæmið Lichtenstein sunnan af Rínárbökkum (á landamærum Tyrols og Schweitz) norðr alt Þýskalaland og snar-aði því af sér í Holstein“ (sbr. viðaukabl. „Þjóðólfs“ við nr. 29. þ. á. og Landafræði Halldórs, Rvík 1854, bls. 60).

Til fararinnar viljum vér því næst kjósa herra Gest Pálsson til þess að kynna sér skriðkvikindi þau, er vera kynnu á eyjunni, og vonum vér að honum yrði sýnt um þann starfa.

Inn þriðja mann til fararinnar vildum vér kjósa einhvern ritlaginn mann og réttorðan, er skrásetti inar vísindalegu rannsóknir nefndarinnar og bæri þaðan fréttir, og ætlum vér engan betr þar til fallinn en herra Franz Siemsen.

Vonandi væri, að þessi vísindaþrenning fengi drjúgan styrk úr landssjóði til fararinnar ef þess væri leitað. Fleiri þorum vér eigi að nefna í för þessa, því að óvíst er að eyjan beri meira.

Póstskipið „Laura“ kom hingað í morgun frá Khöfn norðan og vestan um land. Með því kom Bergr Thorberg landshöfðingi með frú sinni, Dr. Björn Ólsen, Dr. Grímur Thomsen (er að sögn sitr á sama ölmusu-bekk og Tr. riddari hjá gufuskipafélaginu danska), Halldór sk. Friðriksson, Hannes L. Þorsteinsson, stúdent, Þórðr verzlunarstjóri Guðjohnsen og ýmsir fleiri.

Ritstjóri og ábyrgðarmadr: *Valdimar Ásmundarson*.

Eigandi og útgefandi: *Gunnlaugr Stefánsson*.

Reykjavík: prentuð í Ísafoldarprentsmiðju.